



# Fréttabréf Garðaskóla

1. töl. 32. árg. febrúar 2008

## Meðal efnis í blaðinu:

Tengsl grunnskóla og  
framhaldsskóla

Fleiri fjölbrautaráfangar  
í boði en áður

Vettvangsferðir  
í skólastarfinu

Nemendaráð Garðaskóla

Próun matarmála

Efnilegur  
tónlistarmaður

Leyfisbeiðnir á skólatíma

Skíðaiþróttamenn  
í Garðaskóla

Hönnunarkeppni

Skólahreysti

Fréttir frá Garðalundi

Frá skólasafni  
Garðaskóla

Námsráðgjöf Garðaskóla:  
Hagnýtar upplýsingar  
fyrir nemendur  
í 10. bekk  
og forráðamenn þeirra

Athyglisverð  
forvarnarverkefni



## Ánægðir foreldrar í Garðaskóla

Þann 16. janúar síðastliðinn mættu nemendur og foreldrar til viðtals hjá umsjónarkennurum þar sem staðan var rædd í kjölfar námsmats haustannar. Allir sem áhuga höfðu gátu síðan svarað viðhorfskönnun um Garðaskóla í tölvuveri skólans. Um 160 foreldrar og forráðamenn svöruðu könnuninni og eru niðurstöðurnar mjög jákvæðar. Yfir 97% foreldra lýsa viðhorfi sínu til skólans sem mjög jákvæðu eða nokkuð jákvæðu og önnur svör eru í svipuðum dúr. Það er helst í umsögnum foreldra sem bent er á atriði sem hægt er að laga og má þar nefna mötuneytismálin og fjölbreytta kennsluhætti.

Starfsfólk skólans mun nýta upplýsingarnar úr þessari viðhorfskönnun til hvatningar og til að laga það sem betur má fara. Mötuneytismálin eru í stöðugri athugun og alltaf þarf að huga að því að skólastarfið sé fjölbreytt og í framþróun.

## Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla

*Ef nemendur kjósa að ljúka grunn-skólanámi á skemmri tíma en 10 árum þá koma tvær leiðir til greina*


Um árabíl hefur Garðaskóli þróað leiðir til að bjóða getumiklum nemendum að flýta fyrir sér í námi. Það geta þeir gert með því að taka framhaldsskólaáfanga á meðan á grunnskólanámi stendur. Nemendur sem hafa lokið yfirferð yfir námsefni grunnskólans í einni eða fleiri námsgrein geta tekið samræmd próf í viðkomandi grein við lok 9. bekkjar og í einstökum tilvikum jafnvel við lok 8. bekkjar. Í góðu samstarfi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ hefur Garðaskóli síðan boðið nemendum að taka ákveðna áfanga á framhaldsskólastigi. Í vetur geta nemendur 10. bekkjar tekið áfanga í bókfærslu, ensku, íslensku, náttúrufræði, spænsku og stærðfræði.

Samkvæmt gildandi grunnskólalögum geta nemendur ekki útskrifast úr grunnskóla nema þeir hafi lokið tilskildu námi sem skilgreint er í aðalnámskrá grunnskóla. Ef nemendur með samþykki foreldra kjósa að ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en hinum hefðbundnu 10 árum þá koma tvær leiðir til greina. Í fyrsta lagi getur nemandi við lok 8. bekkjar ákveðið að taka námsefni 9. og 10. bekkjar á einu námsári. Fyrir hendi þarf þá að liggja umsögn og meðmæli frá umsjónarkennara þar sem litið er til bæði námslegrar og félagslegrar stöðu nemandans. Stundaskrá nemandans verður síðan samin með tilliti til þess að hann nái að fara yfir fyrirbyggjandi námsefni og útskrifast úr grunnskólanámi við lok 9. bekkjar.

Önnur leið er að útskrifast úr grunnskóla án þess að hafa lokið yfirferð um öll námsmarkmið aðalnámskrár. Ef nemandi með samþykki foreldra óskar að fara þessa leið við lok 9. bekkjar þá verður hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Nemandinn þarf að sýna fram á að hann hyggi á nám við framhaldsskóla sem hefur heimild frá Menntamálaráðuneyti til að taka inn nemendur úr 9. bekk grunnskóla í samráði við Garðaskóla og sveitarfélagið Garðabæ. Formleg útskrift úr grunnskóla fer ekki fram fyrir en staðfest skólavist í slíkum framhaldsskóla liggur fyrir.
- Meðaleinkunn í 9. bekk verður að vera að lágmarki 9,0.
- Nemandinn verður að hafa lokið samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði og ensku ásamt prófi í náttúrufræði ef hann hyggst stunda nám á náttúrufræðibraut, í samfélagsfræði ef hann hyggst stunda nám á félagsfræðibraut og í dönsku/norsku/sænsku ef hann hyggst stunda nám á mála- braut. Nemandinn verður að fá a.m.k. 9,0 í einkunn á samræmdu prófi í tveimur af eftirfarandi námsgreinum: íslensku, stærðfræði og ensku. Lágmarksárangur í öðrum samræmdum prófum sem þreytt eru verður að vera 8,0.
- Fyrirliggjandi verður að vera umsögn skólastjóra og umsjónarkennara í 9. bekk þar sem mælt er með að nemandinn ljúki grunnskóla að loknum 9. bekk samkvæmt þeim skilyrðum sem að ofan eru greind.

Þessar vinnureglur hafa verið bornar undir foreldraráð Garðaskóla og skólanefnd Garðabæjar og munu taka gildi frá og með vorönn 2008. Sambærileg viðmið hafa verið samþykkt í nágrennasveitarfélögum, m.a. Reykjavík, á undanförunum misserum.



## Fleiri fjölbrautaáfangar í boði en áður

Í vetur geta nemendur Garðaskóla tekið framhaldsskólaáfangana í sex námsgreinum: bók-færslu, ensku, íslensku, náttúrufræði, spænsku og stærðfræði. Mikil ánægja hefur verið með þennan valkost í skólanum. Nemendur fá með þeim svigrúm til að byrja að vinna sér inn framhaldsskólaáfangana og kennarar fá nýja vídd inn í starf sitt.

Það er nýlunda hjá okkur í vetur að áfangarnir ÍSL 103, STÆ 103 og ENS 103 voru kenndir í heild á haustönninni. Flestir nemendur sem luku þessum áföngum með prófum í desember halda á vörönninni áfram í áfangana ÍSL 203, STÆ 203 og ENS 203 og geta því lokið sem samsvarar heilum vetri á framhaldsskólastigi í þessum greinum. Kennarar og stjórnendur skólans fylgjast náið með hvernig þetta fyrirkomulag reynist.

Sem fyrr hefur Garðaskóli boðið upp á framhaldsskólaáfangana í krafti samstarfs við Fjölbrautaskólann í Garðabæ sem metur þær einingar sem nemendur hafa klárað í Garðaskóla til stúdentsprófs.

*Í vetur  
geta  
nemendur  
tekið fram-  
halds-  
skólaáfangana  
í sex  
náms-  
greinum*

## Vettvangsferðir í skólastarfinu

Vettvangsferðir af ýmsu tagi hafa alltaf verið liður í starfi Garðaskóla. Í vetur hefur verið skerpt á reglum um að ferðir af þessu tagi verði að vera nemendum að kostnaðarlausu þannig að öruggt sé að allir nemendur komist í þær á jafnréttis-grundvelli. Það má þó rukka nemendur vegna fæðis og gistingar í ferðum.

Við sjáum ekki fram á annað en að þær ferðir sem hafa verið fastur liður í starfi skólans verði áfram á dagskrá. Þetta eru vorferðalög í öllum árgöngum, ferðir sem tengjast gagn og gaman dögum og svo ferðir á vegum fagdeilda t.d. í söfn og náttúruskoðun.



## Nemendaráð Garðaskóla 2007-2008

Nemendaráðið fundar á hverjum föstudegi kl. 12.40-13.20  
á skrifstofu aðstoðarskólastjóra.

### Í nemendaráði sitja:

|                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Formenn:</b>        | Ingibjörg Sörensdóttir 10. HV og<br>Eydis Lilja Eysteinsdóttir 9. JH   |
| <b>Ritarar:</b>        | María Rist Jónsdóttir 9. SSH og<br>Kristjana Björk Brynjarsdóttir 8. HÓ  |
| <b>Talsmenn:</b>       | Ingibjörg Sörensdóttir 10. HV og<br>Arnar Már Pétursson 9. ÞJ  |
| <b>Meðstjórnendur:</b> | Matthías Davíðsson 9. ÞJ, Ólafur Örn Jóhansson 9. SSH,<br>Katrín Lára Karlsdóttir 8. KS og Vigdís Víglundsdóttir 8. KS |

## Nemendaráð Garðaskóla ~áður kynnt sem rýnihópur~

Nemendaráð Garðaskóla er hópur nemenda úr öllum árgöngum skólans. Við vinnum að því að bæta skólastarf og koma ýmsum málum á framfæri. Nú þegar höfum við bætt aðstæður í matsal skólans, ákveðið lit á anddyri skólans sem gerð verða upp næsta sumar og ýmislegt fleira. Einnig höfum við hitt foreldraráð og rætt um komandi verkefni, bæði okkar og þeirra.



Á vorönn ætlum við að kynna nemendaráðið betur fyrir öðrum nemendum í skólanum. Við munum setja upp hugmyndakassa, fylgjast með verðlagningu í matsölunni og hitta skólastjórnendur og yfirmann Garðyrkjudeildar bæjarins til að bæta aðstöðu nemenda í kringum skólann.

Hópurinn hefur hist vikulega síðan í haust, en þetta er fyrsti veturinn sem nemendaráð starfar á þennan hátt í Garðaskóla.

Fyrir hönd nemendaráðs Garðaskóla

Kristjana Björk Brynjarsdóttir og  
María Rist Jónsdóttir

## Þróun matarmála í Garðaskóla

Garðaskóli er sem fyrr í samstarfi við fyrirtækið Skólamat um rekstur á matsölu nemenda í skólanum. Í haust hefur áhersla verið lögð á að fá nemendur til borða heitan mat í hádeginu. Þetta hefur lengi verið baráttumál foreldraráðs skólans og það hlýtur sannarlega að vera hagsmunamál allra sem að skólanum koma að nemendur borði vel í hádeginu og komi endurnærðir til starfa eftir hádegishlé.

Lengi vel voru nemendur tregir til að smakka heita matinn en þetta breyttist í október þegar matsalan var með útsölutilboð á mataráskriftinni. Yfir 100 nemendur voru þá skráðir í áskrift og líkaði maturinn vel. Eftir að október tilboðinu lauk hefur tala áskriftar-nemenda fallið aftur niður en þó seljast nú að staðaldri talsvert fleiri matarskammtar en raunin var síðastliðinn vetur. Nemendur hafa áttað sig á því að maturinn er ljómandi góður en eru ekki tilbúnir að skuldbinda sig til að borða hann á hverjum degi.

Sú staðreynd að nemendur skólans eru ekki í áskrift að heitum mat skapar ákveðinn vanda í matsölunni því mjög erfitt er að áætla hversu margir munu kaupa heitan mat hvern tilte-kinn dag. Það er því hætt á að suma daga verði mikill afgangur en aðra daga getur maturinn klárast áður en allir áhugasamir fá heitan matarskammt. Stjórnendur skólans, foreldraráð og starfsmenn Skólamatar munu vinna að því áfram að finna lausnir á þessum hnökrum þannig að matsala skólans nýtist nemendum sem allra best.

Stjórnendur Skólamatar vilja koma þeim skilaboðum á framfæri að allar ábendingar er tengjast skólamáltíðum eru vel þagnar.

Netfang Skólamatar er [skolamatur@skolamatur.is](mailto:skolamatur@skolamatur.is)

## Efnilegur tónlistarmaður



Eydis Helena Þorvaldsdóttir Evensen er nemandi í 8. bekk Garðask-óla. Undanfarnar vikur hefur hún boðið nemendum og starfsfólki skólans að kaupa geisladisk með frumsaminni tónlist sem hún leikur á píanó. Ágóðann af sölnunni ánafnar Eydis Helena ABC barnahjálpi. Í stuttu viðtali við ritstjóra fréttabréfsins útskýrði hún aðdraganda þessa merkilega framtaks:

„Ég fékk hugmyndina að þessu þegar ég var 11 ára. Ég var að horfa á fréttir í sjónvarpinu og þar voru sýndar náttúruhamfarir þar sem mörg börn létust. Þá fór ég að búa til lög og hugsa um þetta verk-efni. Mamma hjálpaði mér og geisladiskurinn hefur tekið ár í fram-leiðslu. Hann var tilbúinn í desember 2007 og ég hef verið að selja hann síðan. Ég framleiddi 150 diska og ágóðinn rennur til styrktar ABC barnahjálpi.“

„Ég er búin að vera 7 ár í píanó námi og samdi fyrsta lagið þegar ég var 9 ára. Ég er búin að semja 9-10 lög. Á þessum diski eru 6 lög þar sem ég spila á píanóid. Í hinum lögnum syng ég líka og ég ætla kannski að gefa þau út á öðrum disk seinna.“

„Ég get alveg hugsað mér að vinna áfram með tónlistina. Mér finnst gaman að vera ein heima, hugsa um eitthvað og skrifa það niður við píanóid og spila það.“

Við óskum Eydisi Helenu til hamingju með merkilegt framtaki!

*Matseðil  
matsölnnar  
má  
nálgast  
á  
heimasiðu  
skólans  
www.  
gardaskoli.is*

*Nánari upp-  
lýsingar um  
ABC barna-  
hjálpi  
má  
nálgast  
á  
www.abc.is*

## Leyfisbeiðnir á skólatíma ~ gífurleg aukning~

Ástundun nemenda er grunnurinn að velgengni þeirra í námi. Starfsfólk skólans leggur höfuðáherslu á þetta við alla nemendur og fylgist daglega með því að allir mæti eða gefi víðeigandi skýringar á forföllum. Við höfum á undanförunum árum orðið vör við að nemendur fá í auknum mæli leyfi frá námi af ýmsum ástæðum. Lengstu leyfin taka nemendur til að ferðast með fjölskyldum sínum. Að einhverju leyti sýnir þessi þróun breytingu sem orðið hefur í samfélaginu almennt – mikið framboð er á ódýrum utanlandsferðum og því verður sífellt algengara að fólk fari til útlanda í lengri og styttri ferðir allan ársins hring.

Mjög margar fjölskyldur eru farnar að nýta vetrarfrí skólanna til ferðalaga en við hér í Garðaskóla höfum áhyggjur af því að leyfisbeiðnum vegna ferða sem farnar eru á skólatíma er sífellt að fjölga. Við setjum spurningamerki við að nemendur á grunnskólaaldri séu í leyfi frá skóla í tvær, þrjár og jafnvel fleiri vikur af skólaárinu. Það gerir miklar kröfur um skipulag á viðkomandi nemanda og eykur álagið í skólanum þegar úr fríinu er komið.

|  | Hautönn 2007 |
|--|--------------|
| Leyfis dagar nemenda í 8. bekk                   | 269          |
| Leyfis dagar nemenda í 9. bekk                   | 286          |
| Leyfis dagar nemenda í 10. bekk                  | 398          |
| Samtals: Leyfis dagar allra nemenda í Garðaskóla | 953          |

**Tafla 1.** Leyfis dagar nemenda í Garðaskóla á haustönn 2007. Nemendafjöldi í skólanum þetta haust var: 159 nemendur í 8. bekk, 138 nemendur í 9. bekk og 149 nemendur í 10. bekk. Skóladagar voru 86.

Um leið og við þökkum foreldrum og forráðamönnum fyrir að virða starfshætti og vinnutíma skólans viljum við beina þeim tilmælum til þeirra að halda áfram að raða skólanum ofarlega í forgangsröðina. Það er mikilvægt að nemendur verji góðum tíma með fjölskyldum sínum en þar sem skóladagar eru bara rétt um 180 dagar af árinu þá ætti ekki að vera útilokað að finna samveru- og ferðatíma utan þess.

## Skíðaiþróttamenn í Garðaskóla



Í Garðaskóla er margir efnilegir íþróttamenn sem stunda miklar æfingar meðfram námi sínu í skólanum.

Í þessum hópi eru meðal annars 3 stúlkur í 8. bekk sem æfa skíðaiþróttina af miklum þrótti.

Á Reykjavíkurmóti í svigi laugardaginn 19. janúar röðuðu Garðaskóla stúlkurnar sér í 3 efstu sætin!

**Sigurvegarnir:**

**Freydís Halla Einarsdóttir, Erla Ásgeirsdóttir og  
Hugrún Elvarsdóttir**

## Hönnunarkeppni fyrir 8. bekkinga ~ fermingarfötin í ár~

Í haust gafst stelpum í 8. bekk kostur á að taka þátt í hönnunarsamkeppni þar sem hanna átti fermingarfatnað fyrir verslanirnar Sautján og Retro. Í Garðaskóla var einstaklega góð þátttaka í þessari keppni. Stelpurnar í 8. bekk skiluðu inn frábærum hugmyndum í tugatali. Stílistar úr verslununum völdu síðan bestu hönnunina sem reyndist erfitt val því svo margar góðar hugmyndir komur fram. Þær sem hlutu verðlaun í formi gjafabréfs voru Ísabella Sævarsdóttir 8. MB og Björk Magnúsdóttir 8. MB. Hugmyndirnar verða að einhverju leyti notaðar í fermingarfatnað þetta árið. Fötin eru saumið hérlandis, í London og París.

Allar stelpurnar sem tóku þátt stóðu sig mjög vel og það kom dómnefndinni á óvart hve hugmyndaríkar og skapandi þær eru.

Við óskum þeim Ísabellu og Björk til hamingju með sigurinn!



## Listadagar í Garðabæ

Listadagar verða haldnir í Garðabæ 9. – 13. apríl. Þá verða dregin fram í dagsljósið ýmis af þeim skapandi verkefnum sem unnin eru í skólum bæjarins. Árshátið Garðaskóla og Garðalundar fellur inn í þessa dagskrá en þá er að venju uppskeruhátið nemenda hér í skólanum.

Almenningi verður síðan boðið á opið hús laugardaginn 12. apríl þar sem atriði frá árshátíðinni verða endurtekin og verkefni nemenda í skólanum höfð til sýnis.

Opið hús  
í Garðaskóla  
á listadögum  
12. apríl  
takið daginn frá!

## Garðaskóli keppir í Skólahreysti

Í ár fer skólahreysti fram í fjórða sinn. Flestir grunnskólar landsins taka þátt eða samtals 20 skólar. Í Garðaskóla var haldin forkeppni í janúar og tók nokkur fjöldi nemenda þátt í henni. Reynt var að líkja eftir þeim þrautum sem keppt verður í og þeir sem stóðu sig best skipa lið Garðaskóla í skólahreysti keppninni sjálfri. Liðið skipa Eysteinn Finnsson, Eydís Eysteinsdóttir, Viktor Orri Andersen og María Rist. Varamanneskjur eru Indriði Einarsson og Karen Kristjánsdóttir.

Garðaskóli keppti í undanriðlum 31. janúar og var keppninni sjónvarpað á Skjá einum þriðjudaginn 5. febrúar. Okkar fólk stóð sig með mikilli þryði en komst því miður ekki upp úr undanriðlinum. Nú er liðið strax farið að huga að æfingum fyrir keppnina næsta vetur og því verður spennandi að fylgjast með framhaldinu hjá þeim.



## Vorönn með miklum gusti ~fréttir frá Garðalundi~

Það blæs byrlega í félagslífi nemenda. Vorönn hófst með krafti, draugahús og lanmót, hárgreiðslukeppni með miklu fjöri og leiklist og skíðaklúbbar tóku til starfa með metþátttöku. Aldrei hafa jafnmargir lýst yfir áhuga á þátttöku í skíðaklúbbum yngri og eldri og ríflega helmingur nemenda skólans er skráður til leiks. Unnið er þessa dagana að fjáröflun með pappírssölu og krakkarnir eru allir virkir í nefndum og verkefnum í klúbbunum.

Leiklistin fór af stað með 40 til 50 manna hópi og stefnt að frumsýningu stuttu eftir páska. Þórunn Clausen annast uppfærsluna en ljóst að hún getur ekki fylgt verkefnum alla leið sökum fjölgunar á mannkyninu. Hún hefur því fengið til aðstoðar og afleysingar ungan leikstjóra Bjarna Snæbjörnsson. Bjóðum við hann velkominn í verkefnið. Að venju er ráðist í stórt verkefni og að þessu sinni er lagt upp með efnivið úr „West side story.“ Skúli Gestsson annast tónvinnslu og æfingu hljómsveitar.

Nýársdansleikur dróst að þessu sinni fram í febrúarbyrjun en venja er að verja ágóða af fyrsta dansleik ársins til Barna- og unglingageðdeildar Bugl.

Nýtt Dale Carnegie námskeið fór af af stað eftir áramót en það er samstarfsverkefni sem styrkt er veglega af Garðabæ.

Upptökustúdíó er vel nýtt. Hljómsveitir hafa lagt sig í líma við að bóka kvöld og helgar og sjaldan ljóslaus helgi í stúdíóinu. Á næstunni er von á demoplötu frá Magnýl sem er ein af öflugri hljómsveitum nemenda í skólanum. Hugo er einnig í upptökum þessa stundina. Fyrir hljómsveitastarfið hefur verið bætt við öðru trommusetti og keypt gott hljómborð.

Í haust hófst endurnýjun á hljóðkerfinu, elsti hlutinn seldur og nýtt keypt í staðinn. Von er á ýmsu nýju á næstunni, nýr FOH mixer, hjódeffectar af bestu gerð o.s.frv. Stefnan er að hafa tækjabúnaðinn eins og best verður á kosið.

Rokksmiðja Samfés og Garðalundar er á dagskrá skv. venju 22. febrúar og von á krökkum viðs vegar að af landinu sem gista heila helgi og draga sig saman í hljómsveitir. Afraksturinn er síðan í boði síðdegis á sunnudeginum.

Í mars ber hæst stóra Samfeshátíðin og skíðaferðirnar.

Listadagar barna og ungmenna eru á dagskrá 9. til 13. apríl. Í drögum að dagskrá er gert ráð fyrir því að árhátíðin sé hluti af verkefni Garðalundar og Garðaskóla. Í farvatninu er einnig opið kaffihús laugar-daginn 12. apríl með skemmtun, sýningu á handverki o.fl. fyrir fjölskyldur og vini nemenda. Þetta verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Hægt er að fylgjast með daglegum viðburðum á [www.gardalundur.is](http://www.gardalundur.is). Þar eru fréttir af öllu starfi, myndir og dagatal. Við hvetjum sem flesta til að taka þátt.

Gleðilegt nýtt ár.....Starfsfólk Garðalundar.





## Frá skólasafni Garðaskóla

Starfsemi skólasafnsins fór af stað með hefðbundnum hætti í upphafi skólaárs. Safnið er opið nemendum frá kl. 8.00 til kl. 15.30 alla virka daga. Þar geta nemendur lesið, unnið heimavinnu og önnur verkefni og fengið afnot af tölvum safnsins. Einnig koma þeir ásamt kennurum til heimildavinnu á safnið.

Mikið var lánað út af bókum á haustönn og þá sérstaklega í tengslum við kjörbókartíma í íslensku. Í Garðaskóla er mikil áhersla lögð á að nemendur þjálfi lestrarfærni sína og fá nemendur sex stundir á viku í íslenskukennslu sem er einni stund fleiri en tíðkast í flestum grunnskólum landsins. Þessari aukastund er varið í kjörbókarlestur í þeim tilgangi að örva og auka lestrarþjálfun nemenda.

Dagana 4. og 5. september var haldið námskeið í lestrarþjálfun og lestrartækni að frumkvæði skólasafnsvarða Garðaskóla og Flataskóla. Fyrirlesari á námskeiðinu var danskur kennari og bókasafnsfræðingur Ninna Wedendahl frá Gammel Hasseris skole í Álaborg. Hún hélt fyrirlestur fyrir kennara beggja skólanna og heimsótti nokkra 7. og 8. bekki og kynnti nemendum aðferðir til að auka leshraða og lestrartækni.

Í lok nóvember var tekin upp sú nýbreytni að hafa í gangi myndagetraun á safninu. Í matarhléum og frímínútum birtust myndir frá 10 vinsælum ferðamannastöðum á Íslandi í glærusýningu. Getraunin fólst í því að þekkja alla staðina og skrá niður á þartilgerða seðla. Vakti getraunin mikla athygli nemenda og voru margir sem spreyttu sig. Alls skiluðu tæplega 40 nemendur svarseðlum og reyndust 12 vera með öll svör rétt.



Verðlaunaafhending fór fram á safninu í hádegishlénu mánudaginn 10. desember. Dregið var úr réttum svörum og fyrstu verðlaun hlaut Björk Hrafnadóttir 9. JH. Í verðlaun var bókin Ripley's Ótrúlegt en satt!

Ætlunin er að hafa slíkar myndagetraunir einu sinni í mánuði fram á vor. Önnur myndagetraun var í gangi síðustu vikuna í janúar og var þema hennar "Merkar byggingar um víða veröld". Sigurvegari í þeirri getraun var Oktavía Jóhannsdóttir 9. BB sem einnig hlaut bók að launum.

Í desember fóru fram bókakynningar á skólasafninu. Nemendur komu á safnið ásamt íslenskukennurum sínum, tveir hópar í hverri kennslustund. Skólasafnsvörður og kennarar kynntu nýút-komnar íslenskar og þýddar unglingsbækur og lásu upp úr nokkrum þeirra. Í framhaldi af kynningunum hefur glærusýning um nýju bækurnar sem safnið hefur keypt verið í gangi í frímínútum og hádegishléum.



# Námsráðgjöf Garðaskóla:

## Hagnýtar upplýsingar fyrir nemendur í 10. bekk og forráðamenn þeirra

### Skólaheimsóknir:

Námsráðgjafar fóru á haustönn í kennslustund í lífsleikni og kynntu fyrir nemendum flesta framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og inntökuskilyrði í þá. Sérstök áhersla var lögð á að kynna námsframboð í skólum sem eru kjarnaskólar á ákveðnum sviðum ásamt iðnskólum og öðru starfsnámi. Sem dæmi um kjarnaskóla má nefna Menntaskólann í Kópavogi sem er kjarnaskóli í matvælagreinum, Borgarholtsskóla í Grafarvogi sem er kjarnaskóli í málm- og bíliðngreinum, Fjölbrautaskólann í Ármúla sem er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og þróunarskóli í upplýsingatækni. Nemendur hafa einnig fengið kynningar á bóknámsbrautum sem eru náttúrufræði-, félagsfræði-, mála- og viðskiptabrautir. Á heimasíðu Garðaskóla má sjá **inntöku-skilyrði á námsbrautir** en athugið að þar er um að ræða **lágmarks** inntökuskilyrði.

Skólaheimsóknir halda áfram á vorönn. Flestir nemendur hafa skráð sig í þá skóla sem þeir vilja skoða. Hver nemandi fær að skoða tvo skóla auk Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Verslunarskóla Íslands. Farið verður með rútu í skipulagðar skólaheimsóknir á vegum skólans nemendum að kostnaðarlausu. Boðið verður upp á skipulagðar heimsóknir í eftirtalda skóla:

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ  
Verslunarskóli Íslands  
Menntaskólinn við Hamrahlíð  
Menntaskólinn í Kópavogi  
Menntaskólinn í Reykjavík  
Kvennaskólinn  
Iðnskólinn í Reykjavík  
Iðnskólinn í Hafnarfirði  
Menntaskólinn Hraðbraut  
Menntaskólinn við Sund  
Fjölbraut í Breiðholti  
Fjölbraut í Ármúla  
Borgarholtsskóli  
Flensborg

allir fara á skólatíma á vorönn  
farið var á haustönn  
miðvikudaginn 6. febrúar kl. 14.45  
ekki komin tímasetning  
ekki komin tímasetning  
miðvikudaginn 20. febrúar kl. 14.30  
fimmtudaginn 31. janúar kl. 15.00  
miðvikudaginn 13. febrúar kl. 15.00  
fimmtudaginn 21. febrúar frá 12.00 – 13.00  
miðvikudaginn 27. febrúar kl. 13.30  
7. febrúar kl. 13.00  
9. og 20. febrúar kl. 13.00-15.00  
eftir samkomulagi  
ekki komin tímasetning

Ef nemendur hafa áhuga á að skoða aðra en ofantalda skóla geta þeir haft samband við námsráðgjafa og verður leitast við að koma til móts við alla nemendur.

Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með auglýsingum um dagsetningar og tímasetningar á rútuferðum í skólana en þær upplýsingar verður að finna á auglýsingatöflu á neðri hæð skólans, á heimasíðu og á skjávarpa hjá skrifstofu skólans.

## Nokkrir gagnlegir vefir vegna náms- og starfsvals:

Bókin **Nám að loknum grunnskóla** 2007 er á vefnum í rafrænu formi en bókin fyrir árið 2008 kemur út á vorönn og fá allir nemendur eintak.

Vefslóð rafrænu útgáfunnar á bókinni frá 2007 er: [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/namlok\\_2007.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/namlok_2007.pdf)  
Á [www.idan.is](http://www.idan.is) má finna ýmsar upplýsingar um skóla, nám og störf. Hægt að senda inn fyrirspurnir um námsleiðir o.fl.

Starfslýsingar – færnikröfur starfa er að finna á vefslóðinni: [www.rthj.hi.is/page/Jobs](http://www.rthj.hi.is/page/Jobs)

## Áhugasviðskönnun:

Nemendur í 10. bekk taka rafrænu áhugasviðskönnunina Bendil. Áhugasviðskannanir mæla ekki getu nemenda heldur áhuga þeirra. Slíkar kannanir er hægt að nota til stuðnings við val á námsbrautum í framhaldsskóla. Ef nemandi fer í nám sem samræmist áhuga hans eru meiri líkur á að hann finni sig vel og nái góðum árangri. Einnig er mikilvægt að nýta niðurstöður áhugasviðskönnunar til að afla sér frekari upplýsinga um nám og störf.

## Upplýsingaöflun og bekkjakvöld:

Nemendur hafa verið hvattir til að nýta sér netið til frekari upplýsinga um námsframboð. Námsráðgjafar geta ekki veitt þeim allar upplýsingar en nemendum er alltaf velkomið að panta sér tíma í námsráðgjöf til að skoða þessi mál.

Við viljum hvetja forráðamenn til að aðstoða unglingana við upplýsingaöflun og með umræðu að finna út hvaða skólar vekja mestan áhuga þeirra. Ef nemandi er óákveðinn og vill gjarnan skoða marga framhaldsskóla þá bjóða margir þeirra upp á opinn dag á vordögum og einnig verður hægt að fá tíma hjá námsráðgjöfum þeirra þegar líður að innritun.

Bekkjakvöld verður í apríl fyrir 10. bekkina og forráðamenn. Þá koma fulltrúar frá mörgum framhaldsskólanna og verða með kynningarbása. Við hvetjum alla til að mæta og nýta sér gott aðgengi að upplýsingum um framhaldsskólana.

## Samræmd próf:

Í byrjun mars fara námsráðgjafar í lífsleiknitíma og nemendur fá bækling sem getur hjálpað þeim við undirbúning fyrir samræmdu prófin. Þar verða ýmsar hagnýtar upplýsingar um prófin, próftöku og undirbúning. Þá munu fagstjórar koma með góðar ábendingar um undirbúning fyrir samræmd próf í sinni grein.

Mikilvægt er fyrir val á samræmdum prófum að kynna sér vel inntökuskilyrði á þær brautir sem nemandinn hefur áhuga á.

Nemendum og forráðmönnum er alltaf velkomið að hafa samband við námsráðgjafa.



Með bestu kveðju,  
Auður Sigurðardóttir ([audur@gardaskoli.is](mailto:audur@gardaskoli.is)) og  
Ásta Gunnarsdóttir ([astag@gardaskoli.is](mailto:astag@gardaskoli.is))  
náms- og starfsráðgjafar Garðaskóla

# Athyglisverð forvarnarverkefni

Forvarnarstarfi er sinnt með ýmsu móti í Garðaskóla. Við leggjum mikla áherslu á það í öllu starfi skólans að nemendur séu heiðarlegir gagnvart sjálfum sér og öðrum þannig að þeir geti staðið við verk sín bæði þegar vel og illa gengur. Hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar er starfsfólki mikill stuðningur á þessu sviði og nánari upplýsingar um hana má nálgast á heimasíðu skólans: [www.gardaskoli.is](http://www.gardaskoli.is)

Lífsleikni er kennd í öllum árgöngum og þar er stöðugt í gangi umræða um stöðu nemenda í vinahópnum og hinu víðara samfélagi. Þar er tekið á málum eins og umgengni og daglegum samsiptum, einelti, vímuefnanotkun og réttindum og skyldum unglinga og fullorðinna.

Forvarnardagurinn var haldinn 21. nóvember og þá heimsótti forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, 9. bekkinga á sal skólans ásamt fleiri góðum gestum. Nemendur skólans tóku einstaklega vel á móti gestunum og meðal annarra dagskrárliða fluttu Guðjón Ragnarsson og Ragnar Jónsson nemendur í 10. bekk frumsamið lag við ljóð Jónasar Hallgrímssonar.

## Fyrirlestur fyrir starfsfólk

Forvarnarnefnd Garðabæjar bauð öllum starfsmönnum í grunnskólum Garðabæjar á fyrirlestur snemma í október. Ólöf Ásta Farestveit forstöðumaður Barnahúss fjallaði þar um ofbeldi gagnvart börnum.

Hún fór í gegnum hvaða einkenni börn sýna sem hafa orðið fyrir ofbeldi af hvers konar toga. Einnig fjallaði hún um tilkynningaskyldu þeirra sem vinna með börnum og hvert starfsfólk grunnskóla getur leitað þegar upp kemur grunur um að barn sé beitt ofbeldi. Fyrirlesturinn fór fram á sal Garðaskóla og starfsfólk skólans hefur haft á orði hvað hann var athyglisverður og gagnlegur.

## Tölum saman -samskipti foreldra og unglinga um kynlíf-

Í haust var 8. bekkingum boðið upp á kynfræðsluverkefnið „Tölum saman“ í fyrsta sinn hér í skólanum. Verkefnið er í umsjón sérfræðinga hjá Fræðslusamtökum um kynlíf og barneignir og hefur það að megin markmiði að fá unglinga og foreldra þeirra til að tala saman um kynlíf. Dagbjört Ásbjörnsdóttir M.A. í kynja- og kynlífsfræðum talaði við nemendur um sjálfsmynd unglinga og kynímyndir fjölmiðlanna, breytingar á kynþroskaskeiðinu og hvert unglingar geta leitað með spurningar sínar á þessu sviði.

Á tveimur kvöldfundum var síðan nemendum og foreldrum þeirra boðið upp á framhaldsdagskrá þar sem sjónarmið unglinganna voru borin saman við sjónarmið foreldranna. Það er okkar mat í Garðaskóla að þetta kynfræðslu verkefni sé sérlega vandað og vonumst við til að bjóða það 8. bekkingum á hverju hausti til viðbótar við aðra kynfræðslu sem verið hefur í skólanámskrá.

## Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 8. bekkinga

Á vorönninni verður nokkrum 8. bekkingum boðið að taka þátt í sjálfsstyrkingarnámskeiði á vegum Foreldrahúss. Námskeiðið miðar að því að efla sjálfsmynd unglinganna og hjálpa þeim að mynda og styrkja félagsleg tengsl.

## Meira sjálfstraust og feimnin fór! Dale carnegie námskeið fyrir unglinga í Garðabæ

Í haust ákvað bæjarstjórn Garðabæjar að bjóða unglingum í Garðabæ upp á námskeiðið Næsta kynslóð, í samvinnu við Dale Carnegie. Námskeiðið er sett upp með það að markmiði að undirbúa ungt fólk fyrir lífið. Á námskeiðinu er unnið að því að byggja upp sjálfsmynd unglinga með því að efla sjálfstraust þeirra, hjálpa þeim að breyta neikvæðu viðhorfi í jákvætt, sýna þeim fram á gildi þess að eiga góð samskipti og vera leiðtogi í eigin lífi og annarra. Á tíu vikum er unnið út frá sex þáttum en þeir eru að efla sjálfstraustið, bæta hæfni í mannlegum samskiptum, bæta tjáningu, bæta lífsviðhorf, efla leiðtogahæfileika og þjálfva markmiðssetningu. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku og unglingarnir gera æfingar í hverjum tíma til að víkka þægindahringinn og æfa þá hegðun sem ætlunin er að breyta, bæta eða þjálfva upp.

Námskeiðið hófst í byrjun október og var fyrir nemendur 9. og 10. bekkja í Garðaskóla. 36 unglingar sóttu þetta fyrsta námskeið. Hver og einn fékk einstaklingsmiðaða þjálfun og leiðsögn frá þjálfara sem jók verulega árangur námskeiðsins.

Unglingarnir voru mjög ánægðir í lok námskeiðisins og höfðu m.a. þetta að segja:

*Ég fékk meira sjálfstraust og fór þess vegna að leggja meira á mig í söngnum og bæta mig. Ég lærði að setja mér markmið og standast þau. Ég lærði aðferðir við að muna hluti og stóð mig þannig betur á prófum til dæmis hækkaði ég mig um einn heilan í stærðfræði. Það hjálpaði mér líka alveg svakalega að geta opnað mig og sagt frá mjög erfiðum hlutum.” – Þóra Kristín*

*“Ég fékk meira þor til að tala fyrir framan fjölda fólks og ég get gert það án þess að gleyma hvað ég ætlaði að segja. Ég lærði að skipuleggja mig betur, lærði að setja mér markmið, lærði að hrósa og fá hrós. Í heildina fékk ég meira sjálfstraust og feimnin fór :)” - Árni Jón*

*“Það sem ég fékk út úr námskeiðinu er svo margt. Ekki aðeins stóra hluti eins og mikið meira sjálfstraust, öryggi eða vini heldur er ég líka búinn að fá mikið af litlum hlutum til að hafa til minnis. Ég mun ætíð muna þetta og hlúa að.” – Júlíus*

1. tbl. 32. árg. febrúar 2008

Fréttabréfinu er dreift til allra nemenda skólans og er ætlað þeim og forráðamönnum þeirra.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Brynhildur Sigurðardóttir, aðstoðarskólustjóri

Umbrot og hönnun: Soffía Jacobsen, ritari

Upplag: 500 eintök.

Heimasíða: <http://www.gardaskoli.is>

Netfang: [gardaskoli@gardaskoli.is](mailto:gardaskoli@gardaskoli.is)

# Skólada­gatal

Kennsludagar = 180

| ÁGÚST                   | SEPTEMBER                      | OKTÓBER                    | NÓVEMBER               | DESEMBER                          | JANÚAR                     | FEBRÚAR  | MARS   | APRÍL  | MAÍ   | JÚNÍ  |
|-------------------------|--------------------------------|----------------------------|------------------------|-----------------------------------|----------------------------|--|--|--|---|---|
| 1 M                     | 1 L                            | 1 M                        | 1 F                    | 1 L                               | 1 Þ                        | 1 F  | 1 L  | 1 Þ  | 1 F   | 1 S   |
|                         |                                |                            |                        | Fullveldisdagurinn                | Nýársdagur                 |  | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 9. - 10. be. | Marita 8. bekkur                             | Uppstigningardagur Verkalýðsdagurinn          | Sjómanna­dagurinn                                   |
| 2 F                     | 2 S                            | 2 Þ                        | 2 F                    | 2 S                               | 2 M                        | 2 L  | 2 S  | 2 M  | 2 F   | 2 M   |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            |  | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 9. - 10. be. | Marita Foreldrar í 8.b. og 9.b.              | Samr.pr. 10.be. (nát) Könnunarpróf 8.-9. be.  | Munnlegt próf í 10. be. Verferð 8. - 9. be.         |
| 3 F                     | 3 M                            | 3 M                        | 3 L                    | 3 M                               | 3 F                        | 3 S  | 3 M  | 3 F  | 3 L   | 3 Þ   |
|                         |                                |                            |                        |                                   | Sk.d.                      |  | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 8. be.       |  |   | Munnlegt próf í 10. be. Umsj. og frágangur 8. 9. b. |
| 4 L                     | 4 Þ                            | 4 F                        | 4 S                    | 4 Þ                               | 4 F                        | 4 M  | 4 Þ  | 4 F  | 4 S   | 4 M   |
|                         |                                |                            |                        |                                   | Sk.d.                      | Bolludagur                                       | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 8. be.       |  |   | Sk.d.   |
| 5 S                     | 5 M                            | 5 F                        | 5 M                    | 5 M                               | 5 L                        | 5 Þ  | 5 M  | 5 L  | 5 M   | 5 F   |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            | Sprengidagur                                     | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 8. be.       |  | Samr.pr. 10.be. (sam) Könnunarpróf 8.-9. be.  | Skólaslit   |
| 6 M                     | 6 F                            | 6 L                        | 6 Þ                    | 6 F                               | 6 S                        | 6 M  | 6 F  | 6 S  | 6 Þ   | 6 F   |
| Fri­dagur verslunamanna | Foreldrafundur kl. 8:20 - 9:00 |                            | Gagn og gaman          |                                   |                            | Öskudagur  |  |  | Samr.pr. 10.be. (dán) Könnunarpróf 8.-9. be.  | Sk.d.   |
| 7 Þ                     | 7 F                            | 7 S                        | 7 M                    | 7 F                               | 7 M                        | 7 F  | 7 F  | 7 M  | 7 M   | 7 L   |
|                         |                                |                            | Gagn og gaman          | Lokapróf í NAT103 kl.8.10         |                            |  |  |  |   |   |
| 8 M                     | 8 L                            | 8 M                        | 8 F                    | 8 L                               | 8 Þ                        | 8 F  | 8 L  | 8 Þ  | 8 F   | 8 S   |
|                         |                                |                            | Gagn og gaman          |                                   |                            |  |  |  | Samr.pr. 10.be. (stær) Könnunarpróf 8.-9. be. |   |
| 9 F                     | 9 S                            | 9 Þ                        | 9 F                    | 9 S                               | 9 M                        | 9 L  | 9 S  | 9 M  | 9 F   | 9 M   |
|                         |                                |                            | Dagur skólans          |                                   |                            |  |  | Listadagur ungmenna 9.04. - 13.04.           | Verferð 10. be.                               | Sk.d.   |
| 10 F                    | 10 M                           | 10 M                       | 10 L                   | 10 M                              | 10 F                       | 10 S   | 10 M   | 10 F   | 10 L  | 10 Þ  |
|                         |                                |                            |                        | Lokapróf í STÆ103 kl. 14.00-15.30 |                            |  |  | Árshátið                                     | Verferð 10. be.                               |   |
| 11 L                    | 11 Þ                           | 11 F                       | 11 S                   | 11 Þ                              | 11 F                       | 11 M   | 11 Þ   | 11 F   | 11 S  | 11 M  |
|                         |                                |                            |                        | Lokapróf í ISL103 kl. 11.20       |                            | Sk.d.  |  |  | Hvítasunnudagur                               |   |
| 12 S                    | 12 M                           | 12 F                       | 12 M                   | 12 M                              | 12 L                       | 12 Þ   | 12 M   | 12 L   | 12 M  | 12 F  |
|                         |                                |                            |                        | Lokapróf í ENS 103                |                            | Sk.d.  |  | Opið hús í Garðaskóla                        | Annar í hvítasunnu                            |   |
| 13 M                    | 13 F                           | 13 L                       | 13 Þ                   | 13 F                              | 13 S                       | 13 M   | 13 F   | 13 S   | 13 Þ  | 13 F  |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            | Vetrarfrí  |  |  |   |   |
| 14 Þ                    | 14 F                           | 14 S                       | 14 M                   | 14 F                              | 14 M                       | 14 F   | 14 F   | 14 M   | 14 M  | 14 L  |
|                         |                                |                            |                        | Hauströf                          |                            | Vetrarfrí  |  |  |   |   |
| 15 M                    | 15 L                           | 15 M                       | 15 F                   | 15 L                              | 15 Þ                       | 15 F   | 15 L   | 15 Þ   | 15 F  | 15 S  |
| Sk.d.                   |                                | Námskönnun 15.10. - 19.10. |                        |                                   | Afhending einkunna         | Vetrarfrí  |  |  |   |   |
| 16 F                    | 16 S                           | 16 Þ                       | 16 F                   | 16 S                              | 16 M                       | 16 L   | 16 S   | 16 M   | 16 F  | 16 M  |
| Sk.d.                   |                                |                            | Dagur íslenskrar tungu |                                   | Foreldra- og nemendaviðtöl |  | Pálmásunnudagur                                  | Foreldra og nemendakvöld í 10.               |   |   |
| 17 F                    | 17 M                           | 17 M                       | 17 L                   | 17 M                              | 17 F                       | 17 S   | 17 M   | 17 F   | 17 L  | 17 Þ  |
| Sk.d.                   |                                |                            |                        | Hauströf                          |                            |  |  |  |   | Þjóðhátiðardagurinn                                 |
| 18 L                    | 18 Þ                           | 18 F                       | 18 S                   | 18 Þ                              | 18 F                       | 18 M   | 18 Þ   | 18 F   | 18 S  | 18 M  |
|                         |                                |                            |                        | Hauströf                          |                            |  |  |  |   |   |
| 19 S                    | 19 M                           | 19 F                       | 19 M                   | 19 M                              | 19 L                       | 19 Þ   | 19 M   | 19 L   | 19 M  | 19 F  |
|                         |                                |                            |                        | Hauströf                          |                            |  |  |  |   |   |
| 20 M                    | 20 F                           | 20 L                       | 20 Þ                   | 20 F                              | 20 S                       | 20 M   | 20 F   | 20 S   | 20 Þ  | 20 F  |
| Sk.d.                   |                                |                            |                        | Jólaskemmtun                      |                            |  | Skirdagur  |  | Lokapróf í STÆ 203 kl. 8.10                   |   |
| 21 Þ                    | 21 F                           | 21 S                       | 21 M                   | 21 F                              | 21 M                       | 21 F   | 21 F   | 21 M   | 21 M  | 21 L  |
| Sk.d.                   |                                |                            |                        |                                   |                            |  | Föstudagurinn langi                              |  | Lokapróf í ENS 203                            |   |
| 22 M                    | 22 L                           | 22 M                       | 22 F                   | 22 L                              | 22 Þ                       | 22 F   | 22 L   | 22 Þ   | 22 F  | 22 S  |
| Skóla­setning           |                                | Sk.d. Námskönnun           |                        |                                   |                            |  |  |  | Lokapróf í ISL 203                            |   |
| 23 F                    | 23 S                           | 23 Þ                       | 23 F                   | 23 S                              | 23 M                       | 23 L   | 23 S   | 23 M   | 23 F  | 23 M  |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            |  | Páskadagur                                       |  |   |   |
| 24 F                    | 24 M                           | 24 M                       | 24 L                   | 24 M                              | 24 F                       | 24 S   | 24 M   | 24 F   | 24 L  | 24 Þ  |
|                         |                                |                            |                        | Aðfangadagur jóla                 |                            |  | Annar í páskum                                   | Sumardagurinn fyrsti                         |   |   |
| 25 L                    | 25 Þ                           | 25 F                       | 25 S                   | 25 Þ                              | 25 F                       | 25 M   | 25 Þ   | 25 F   | 25 S  | 25 M  |
|                         |                                | Foreldra- og nemendaviðtöl |                        |                                   | Jóladagur                  |  |  |  |   |   |
| 26 S                    | 26 M                           | 26 F                       | 26 M                   | 26 M                              | 26 L                       | 26 Þ   | 26 M   | 26 L   | 26 M  | 26 F  |
|                         |                                |                            |                        | Annar í jólum                     |                            |  |  |  |   |   |
| 27 M                    | 27 F                           | 27 L                       | 27 Þ                   | 27 F                              | 27 S                       | 27 M   | 27 F   | 27 S   | 27 Þ  | 27 F  |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 9. - 10. be. |  |  |   |   |
| 28 Þ                    | 28 F                           | 28 S                       | 28 M                   | 28 F                              | 28 M                       | 28 F   | 28 F   | 28 M   | 28 M  | 28 L  |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 9. - 10. be. |  |  |   |   |
| 29 M                    | 29 L                           | 29 M                       | 29 F                   | 29 L                              | 29 Þ                       | 29 F   | 29 L   | 29 Þ   | 29 F  | 29 S  |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            | Skóla­klúbbur Garðalundar Skólaferð 9. - 10. be. |  | Samr.pr. 10.be. (isl) Könnunarpróf 8.-9. be. |   |   |
| 30 F                    | 30 S                           | 30 Þ                       | 30 F                   | 30 S                              | 30 M                       |  | 30 S   | 30 M   | 30 F  | 30 M  |
|                         |                                |                            |                        |                                   | Gamlársdagur               |  |  | Samr.pr. 10.be. (ens) Könnunarpróf 8.-9. be. | Bóka- og skápaskil Vorhátíð                   |   |
| 31 F                    |                                | 31 M                       |                        | 31 M                              | 31 F                       |  | 31 M   | 31 L   |   |   |
|                         |                                |                            |                        |                                   |                            |  | Marita 9. bekkur                                 |  |   |   |
| 8                       | 20                             | 22                         | 22                     | 14                                | 19                         | 16   | 15   | 21   | 20  | 3   |

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga skulu skólada­gar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm (rauðir). Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8 (bláir dagar á skólada­gatali). Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla